

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017, Hjalteyri.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. febrúar 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017 frá 7. desember 1998.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- I. Opið óbyggt svæði 1,2 ha að stærð milli Hvammsvegur og Arnarholtsvegur breytist í svæði fyrir frístundahús þar sem gert er ráð fyrir fjórum húsum.
- II. Opið óbyggt svæði 3,8 ha að stærð vestan Arnarholtsvegur breytist í svæði fyrir frístundahús þar sem gert er ráð fyrir allt að 10 frístundahúsum.
- III. Íbúðarsvæði vestan Arnarholtsvegur færast til suðurs og minnkar jafnframt úr 1,1 ha í 0,9 ha. Þar sem gert er ráð fyrir 7 húsum í stað 8 áður. Opið óbyggt svæði stækkar sem því nemur.
- IV. Opið óbyggt svæði vestan Arnarholtsvegur 0,64 ha að stærð breytist í íbúðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir 5 húsum.
- V. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum svæðum fyrir frístundabyggð niður við fjöru Hjalteyrar og að þar verði tvö frístundahús sem falli inn í núverandi götumynd.
- VI. Gert er ráð fyrir nýjum varnargarði og landfyllingu um 0,21 ha að stærð á hafnarsvæði Hjalteyrar undir iðnað og atvinnurekstur. Fyrirhugað er að reisa 10 verbúðir og jafnframt eina verðbúð á iðnaðarsvæði vestan götu að höfninni á milli núverandi verbúða.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 12. febrúar 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.